

Morgunblaðið/Eggert

**Ljóðskáld** Vala flutti tvítug til Bandaríkjanna og yrkir á enskri tungu.

FERÐAMAÐURINN SEM LEITAÐI AÐ SJÁLFRI SÉR

## Lost and Found

We search for so much in our lives:
For love and for husbands and wives,
For meaning, compassion and hope,
Or someone with whom to elope.

We look for a room with a view,
For passions we want to pursue,
For diets that do not depress,
And jobs without worry or stress.

And often our mind will not rest,
For we can be truly distressed
If we cannot find what is lost –
A search for oneself can exhaust.

This happened to someone I know:
To Iceland, alone, did she go.
She walked off her bus dressed in black,
But wore something red coming back.

In red, no one knew who she was.
Apparently, it was because
In red, she looked young and so fair.
Besides, she had tied back her hair.

But where was the woman in black?
She left and she never came back.
They searched by the canyon and stream.
My friend, dressed in red, joined the team.

She crossed over glacier and ice
And covered some areas twice.
Exhausted, she came to a creek.
The water was clear – how unique!

Her face was reflected right there
And, suddenly, she was aware
The woman she thought might have drowned,
Was she – yes, herself – she was found!



**Hátíð** Félagarnir Birnir og Elmar standa að Stuttmyndahátíð Molans.

sem kom meðal annars að kvikmyndinni, *Eternal Sunshine of the Spotless Mind*, Gunnar B. Guðmundsson og Hilmar Guðjónsson. Þessir aðilar munu skera úr um hvaða þrjár myndir á hátíðinni séu efnilegastar,“ segir Birnir en vegleg verðlaun verða í boði.

„Við erum einnig í samstarfi við RIFF og allar myndir sem komast inn á hátíðina verða sýndar á „off-venue“ dagskrá RIFF í október, eða RIFF-Around Town eins og það er kallað,“ segir hann en þess má geta að um þrjátíu myndir sóttu um inngöngu á hátíð þeirra félaga og þurfti að skera þær niður í ellefu.

„Ég myndi segja að það væri gróska í kvikmyndagerð á öllu höfuðborgarsvæðinu og öllu landinu ef út í það er farið. Við erum ekki búnir að vera í mikilli auglýsingaherferð, bara hengt upp nokkur plaköt og auglýst viðburðinn á fésbókinni, en hátíðin hefur engu að síður vakið mikla athygli,“ segir Birnir að lokum en þess skal getið að hátíðin hefst á slaginu kl. 20 í kvöld.




## Sungið á tólftu aldar íslensku og latínu í Skálholti í kvöld



Morgunblaðið/Sigurður Jökull

**Miðaldir** Voces Thules syngur á Sumartónleikum í Skálholti í kvöld.

Þriðja vika Sumartónleika í Skálholti hefst í kvöld, fimmtudag, kl. 20 með tónleikum Voces Thules, hópi íslenskra tónlistarmanna sem leika tónlist frá miðöldum. Á tónleikunum verður sungið á tólftu og þrettándu aldar íslensku og latínu. Full ástæða er því til að fara í kvöldbíltúr í Skálholt í kvöld, ekki einungis fyrir tónlistarunnendur, heldur einnig áhugafólk um fornar tungur sem ekki heyrast sungnar á hverjum degi. Meðal verka á dagskrá má nefna Innocentam te servavit. Helgisöngvar miðalda varðveitast oftast í einradda útfærslu en þessi þekkti söngur verður sunginn í fjölradda útfærslu í kvöld, en ekki er loku fyrir það skotið að kátir söngprestar miðalda hafi stöku sinnum haft þann háttinn á. Spuni verður ríkjandi á tónleikunum en hann var eðlilegur hluti af tónlistariðkun miðalda, líkt og nú. *gith@mbl.is*

## Leiðsögn á ensku um sýninguna Í ljósaskiptum



**Af sýningunni** Sólarlag við Tjörnina eftir Þórarin B. Þorláksson.

Leiðsögn verður á ensku um sýninguna *Í ljósaskiptum* (e. *At Twilight*) í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg í dag kl. 12-13. Um leiðsögnina sér Kristín Dagmar Jóhannesdóttir en sýningin tekur mið af þeim hluta sólarhringsins sem hvorki er dagur né nótt, heldur mitt á milli. Sérstaklega er gaman að leiða hugann að því, að þeim mun nær sem lönd liggja pólum jarðar, þeim mun lengur varir ljósaskiptatíminn. Þetta býður upp á skemmtilega birtu og stemningu sem listamenn hafa löngum nýtt sér til innblásturs og listsköpunar. Verk sýningarinnar eru eftir íslenska listamenn og eru unnin frá 1900 til 2013. Meðal listamanna sem þarna eiga verk má nefna Ásgrím Jónsson og Þórarin B. Þorláksson. Hér er kjörið tækifæri fyrir gestgjafa erlendra sumargesta til að kynna fyrir þeim íslenska list. *gith@mbl.is*

